

Nd.

281. Frumvarp

til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Thor Thors, Pétur Ottesen, Guðbrandur Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI

Skipulag sjóðsins og ætlunarverk.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fiskveiðasjóður Íslands. Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánnum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn, sbr. 16. gr. Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sérstaka lagaheimild þarf þó hvert sinn til þess að taka lán handa sjóðnum.

3. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðstjórnin telur þörf á.

II. KAFLI

Stofnfé Fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

4. gr.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 1 milljón króna. Greiðist tillag þetta á þann

hátt, að rikissjóður greiðir sjóðnum fyrir árslok 1935 kr. 83333,34 og tekur að sér frá og með 1. júlí 1935 að greiða, sem sína eigin skuld, eftirstöðvar af skuld Fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, kr. 916666,66.

2. Fiskveiðasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 47 19. maí 1930 skal renna í sjóðinn óskert.
3. Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega jafnmikið fé og fiskveiðasjóðsgjaldið nemur.
4. Eignir varasjóðs og veðtryggingarsjóðs renna í stofnsjóð.
5. Þegar útrunninn er sá tími, sem útflutningsgjald af sjávarafurðum rennur í Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, skal gjald þetta ganga óskert til Fiskveiðasjóðs Íslands í tíu ár.

5. gr.

Reiðufé Fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

III. KAFLI

Útlánastarfsemi Fiskveiðasjóðs.

6. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlesta og séu þau ætluð til fiskiveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjólsmiðjum og öðrum iðnfyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.
3. Gegn fyrsta veðrétti í fiskverkunarstöðvum.
4. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlesta.

Veiting lána samkvæmt þessum lið skal hafin jafnskjótt og sjóðurinn verður aðnjótandi útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum, sbr. 4. gr. 5. lið, og skal þá sett sérstök viðbótarreglugerð um þessa tegund útlána.

7. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að $\frac{2}{5}$ virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, fasteignaveð, handveð í auðseljanlegum verðbréfum, eða bæjar- eða sýsluábyrgð, má lána allt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðsins.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert sinn.

Lengsti lánstími samkvæmt þessum lið er 12 ár, og hámark láns út á eitt skip kr. 30000,00.

8. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns kr. 24000,00.

9. gr.

Lán út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 3. lið, skal því aðeins veita, að um fullkomna fiskverkunarstöð sé að ræða: fiskþurrkunarreita með tilsvareandi geymsluhúsum fyrir fisk, blautan og fullverkaðan, saltgeymsluhúsi, fiskþvottahúsi, svo og öðrum tækjum, sem nauðsynleg eru til fullkominnar saltfiskverkunar.

Lengstur lánstími samkvæmt þessum lið má vera 15 ár, og hámark lána til hvers lántakanda kr. 12000,00, þó ekki yfir helming virðingarverðs.

10. gr.

Vextir af lánum úr Fiskveiðasjóði skulu vera 5% — fimm af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum úr Fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá enn fremur reikna $\frac{1}{2}\%$ dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

11. gr.

Eignir þær, sem Fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lántakanda, af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta vátryggt í vátryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanræksla verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast vátrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum jafnt og fyrir láninu sjálfu.

IV. KAFLI

Um greiðslufall lána og réttindi Fiskveiðasjóðs.

12. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

13. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, satta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um það í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

5. KAFLI

Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

16. gr.

Yfirumsjón Fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal Fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans, eftir reikningi sem ráðherra úrskurðar.

17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

18. gr.

Stjórn sjóðsins skal á miðju hverju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning, og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

6. KAFLI

Önnur ákvæði.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávisanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

20. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu váttryggingariðgjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi váttryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðsett Fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandi lætur váttryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki váttryggingarsamning sinn við félagið.

21. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við lög þessi.

Ástæður.

Á aðalþinginu 1933 báru sjálfstæðismenn í Nd. fram þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hag og rekstrarafkomu sjávarútvegsins og gera tillögur til umbóta.

Skömmu eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin millipinganefnd í málið. Er frv. þetta samið af þeirri nefnd, og var til þess ætlazt, að það yrði flutt sem

stjórnarfrv. Ríkisstjórnin hefir þó eigi séð sér fært að taka málið að sér á þessu þingi og heldur eigi sjávarútvegsnefnd Nd. Er frv. því nú flutt af nokkrum þingmönnum, sem telja, að málið ráði bót á svo brýnni þörf, að eigi megi láta undir höfuð leggjast að freista þess að lögfesta fyrir mæli frv. þegar á þessu þingi.

Frá millipinganeftdinni fylgdi frv. svo hljóðandi

Greinargerð.

Með lögum nr. 46 19. maí 1930 var sú stefna tekin, að efla Fiskveiðasjóð Íslands, svo að hann yrði fær um að veita stofnlán bátaútvegi landsmanna, bæði til bátakaupa og út á smærri iðnaðarfyrirtæki í sambandi við útveginn.

Þá hafði á nokkrum undanförunum þingum verið rætt mikið um nauðsyn þess, að efla sjóðinn og nokkur frumvörp verið flutt í því skyni, þó ekki fengju þau afgreiðslu. Meðal annars hafði þá verið um það rætt, að láta sjóðinn starfa í tveimur deildum, stofnlánadeild og rekstrarlánadeild.

Með stofnun Útvegsbanka Íslands, 1930, varð hinsvegar sú breyting á lánastarfsemi í landinu, að ætlað var til, að Útvegsbankinn tæki að sér það hlutverk, fyrst og fremst, að vera viðskiptabanki útgerðarinnar og sjá henni fyrir starfsfó, að svo miklu leyti sem Landsbankinn ekki hafði tekið það að sér.

Lögin um Fiskveiðasjóð voru því afgreidd eins og fyrr segir, þannig, að hann skyldi annast stofnlánastarfsemi handa bátaútveginum.

Eignir Fiskveiðasjóðs voru, þegar þessi lög voru sett, eða í árslok 1930:

| | |
|-----------------------------|---------------|
| 1. Útlán, 64 lán, | kr. 368355,75 |
| 2. Verðbréf | — 203400,00 |
| 3. Innstæður í bönkum | — 116128,27 |

Samtals kr. 687884,02

Starfsfó sjóðsins skyldi nú aukið með þrennu móti:

1. Ríkissjóði var gert að leggja fram 1 milljón króna.
2. Sérstakt verðgjald, Fiskveiðasjóðsgjald ($\frac{1}{8}\%$), var lagt á allar útfluttar sjávarafurðir, og skyldi gjald þetta renna í Fiskveiðasjóð.
3. Í þriðja lagi var sjóðnum heimilað að gefa út vaxtabréf, með ábyrgð ríkissjóðs, allt að 1500000 krónum.

Í framkvæmd hefir þetta orðið þannig, að ríkissjóður er ekki farinn að greiða neitt af sínu framlagi. Fiskveiðasjóðsgjaldið hefir orðið:

| | |
|-----------------|--------------|
| Árið 1931 | kr. 43924,20 |
| — 1932 | — 48168,86 |
| — 1933 | — 51633,74 |

Í árslok 1930 tók sjóðurinn lán í Den danske Landmandsbank, d. kr. 1250000,00.

Þannig aukinn tók svo Fiskveiðasjóður til starfa í aprilmánuði 1931, undir stjórn Útvegsbankans.

Frá þeim tíma og til ársloka 1933 hefir sjóðurinn lánað:

| | |
|---------------------------|------------------------|
| Til skipa | kr. 740900,00 |
| — iðnaðarfyrirtækja | — 474700,00 |
| | Samtals kr. 1215600,00 |

Millipinganefndin í sjávarútvegsmálum litur svo á, að það sé fyrir margra hluta sakir heppilegt, að ein sérstök stofnun annist veitingu stofnlána til útgerðarinnar og telur því sjálfsagt, að Fiskveiðasjóður verði gerður þess megnugur að taka þessar lánveitingar að sér að fullu.

Það er hinsvegar bersýnilegt, að sjóðurinn verður innan skamms uppi-skroppa með reiðufé, ef ekkert er að gert. Og þá yrði hann það auðvitað alveg sérstaklega, ef nokkuð væri rýmkað verksvið hans, en á því telur nefndin mikla þörf.

Af skuld sjóðsins við Den danske Landmandsbank verður að greiða árlega nokkuð á annað hundrað þúsundir króna í afborganir og vexti (árið 1933 kr. 140625,00), en afborganir og vextir, sem sjóðurinn fékk af útlánum sínum 1933, voru samtals kr. 268159,31.

Sést af þessu, að lítið er afgangur til lánveitinga, en hinsvegar aðkallandi nauðsyn að endurnýja fiskiskipastólinn og ýms iðnaðarfyrirtæki í sambandi við útgerðina. En þetta verður ekki gert nema með því móti, að greiður aðgangur sé að lánum til þessara hluta.

Með því nú að nefndin telur nauðsynlegt að rýmka nokkuð starfssvið sjóðsins og lánakjör og auka starfsfé hans, þá hefir hún ráðizt í það að semja frumvarp til nýrra laga fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs leggur nefndin til að verði aukið þannig: í fyrsta lagi, að rikissjóður leggi fram þá einu milljón króna, sem lögin frá 1930 gerðu ráð fyrir að hann legði sjóðnum til.

Nú með því að rikissjóði mundi veita erfitt að snara þessari upphæð út, þá er hér stungið upp á því, að rikissjóður greiði upphæðina á þann hátt, að hann taki að sér skuld Fiskveiðasjóðs við Landmandsbankann, sem verður eftir næstu áramót kr. 916666,66, og greiði sjóðnum í peningum, fyrir árslok 1935, það sem á vantar milljónina.

Í lögunum frá 1930 er svo fyrir mælt, að greiðslu þessarar milljónar króna skuli lokið fyrir árslok 1941. Með þeirri tilhögun, sem hér er stungið upp á, yrði rikissjóður að greiða upphæðina, með vöxtum, á 11 árum, en hefði annars þurft að inna greiðsluna af hendi á sjö árum.

Fiskveiðasjóði væri það hinsvegar hinn mesti styrkur að losna við afborgana- og vaxtagreiðslur af láninu, og gæti þá varið þeim mun hærri fjárhæð árlega til útlána, sem þessum greiðslum nemur.

Þá er lagt til, að rikissjóður leggi sjóðnum til árlega jafnháa upphæð og fiskveiðasjóðsgjaldið nemur. Undanfarin þrjú ár hefir fiskveiðasjóðsgjaldið

verið að meðaltali c. 47900 krónur á ári. Auðsætt er, að gjald þetta nær skammt til þess að fullnægja vaxandi fjárförf sjóðsins. En með því nú að gjald þetta er beint tillag frá útgerðinni sjálfri, til stofnunar, sem þó er eign ríkisins og undir þess stjórn, þá þykir full sanngirni mæla með því, að ríkissjóður leggi jafnt á móti.

Gert er ráð fyrir því, að varasjóður Fiskveiðasjóðs, sem nú er ca. kr. 40000,00, og veðtryggingarsjóður, ca. kr. 6000,00, renni í stofnsjóð og verði þar með felldir niður sem sérstakir sjóðir.

Um varasjóðinn er það að segja, að ekki virðist nein ástæða til að hafa hann, þar sem eigið fé Fiskveiðasjóðs (stofnsjóður) er það mikið, að sjóðurinn stendur á fjárhagslega öruggum grundvelli, og þó að hann kynni að taka lán, þá verður það aldrei svo hátt, að það verði eigi talið fullkomlega tryggt með eignum sjóðsins.

Þegar ákvæðið um stofnun varasjóðs var sett í lög, virðist hafa verið farið eftir útlendum fyrirmyndum, þar sem tilsvarendi stofnanir gefa út vaxtabréf, margfalda upphæð á við eigið fé, sem þá þykir rétt að tryggja samningsbundna innlausn á, með sérstökum varasjóði. Hér er ekki slíku til að dreifa. Það kemur vafalaust aldrei til þess, að Fiskveiðasjóður taki stærri lán en sem svarar eigin fé hans í stofnsjóði, og sýnist það vera ærin trygging fyrir lánveitanda.

Veðtryggingarsjóðnum var ætlað að greiða sjóveð, er falla kynnu á skip, sem veðsett væri Fiskveiðasjóði, en sjóður þessi myndast þannig, að sérstakt gjald, $\frac{1}{4}\%$ p. a., er innheimt af þeim útlánnum Fiskveiðasjóðs, sem tryggð eru með veði í skipum.

Þegar nú Fiskveiðasjóður eflist stöðugt og vex með ári hverju, þá virðist ekki skipta verulegu máli fyrir sjóðinn, að innheimta þetta aukagjald, sem undanfarið hefir ekki numið nema sem svarar tvö þúsund krónum á ári. Og þar sem gjaldið er illa séð af útgerðarmönnum, en hinsvegar brýn nauðsyn að létta vaxtabyrðar útgerðarinnar, þá er lagt til, að gjaldið hverfi úr sögunni.

Nefndinni er ljóst, að það er ekki síður nauðsynlegt að hugsa fyrir sæmlega viðunandi stofnlánnum til hinnar svokölluðu stórútgerðar, linuveiðagufuskipa og botnvörpunga, heldur en þátaútvegsins.

Togarafloti landsmanna er nú aðeins 35 skip. Meðalaldur þessara skipa er rúmlega 14 ár. Síðan 1. janúar 1931 hafa farizt fimm islenzkir togarar, en enginn nýr togari bætzt við.

Öllum almenningi er kunnugt, að togaraútgerðin hefir gengið svo illa undanfarin ár, að hún sjálf á enga varasjóði til endurnýjunar skipunum, og þegar útgerðin skilar ekki arði, þá er heldur ekki við því að búast, að einstaklingar sjái sér fært að leggja fram það fé, sem þarf í þessu skyni. Og ekki munu bankarnir hugsa sér lánveitingar til þessara hluta.

Það er því bersýnilegt, að togarafloti Íslendinga er innan skamms alveg úr sögunni, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að unnt verði að endurnýja hann.

Ekkert vit er í því, að loka augunum fyrir þeim háska, sem þarna blasir

við. Verður ekki séð, að annað ráð sé tiltækilegra til þess að forðast þann ófarnað en að efla lánstofnun, sem veitt gæti hagfelld lán til endurnýjunar flotans. Virðist ekkert eðlilegra en að útgerðinni sjálfri sé leyft að vinna þetta nauðsynjaverk, ef hún reynist þess megnug.

Nefndin leggur því til, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum verði í 10 ár látið renna í Fiskveiðasjóð.

Gert er ráð fyrir, að útflutningsgjaldið verði ekki undir 750 þús. kr. á ári, eða 7½ milljón króna í 10 ár.

Með þessu móti telur nefndin, að Fiskveiðasjóður mundi verða fær um að annast stofnlánastarfsemi allrar útgerðar landsmanna.

En með því að nefndin hefir í öðru frumvarpi gert ráð fyrir því, að gjald þetta verði næstu sex ár notað til skuldaskila og fjárhagslegrar viðreisnar útgerðinni, þá er ekki reiknað með því, að Fiskveiðasjóður fái þessar tekjur fyrr en að liðnum þeim sex árum, eða í fyrsta sinn árið 1941.

Ætlað er til þess, að nánari fyrirmæli um tilhögun lána til togara og línu-gufuskipa verði sett í viðbótarreglugerð, er gefin verði út um leið og sjóðurinn verður fær um að hefja þessa grein lánastarfseminnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1., 2. og 3. gr.

Þessar greinar kveða nokkuð skýrar á um skipulag sjóðsins en gert er í núgildandi lögum.

Um 4. gr.

Þessi grein hefir þegar verið skýrð hér að framan.

Um 5. gr.

Þessi grein er í samræmi við núgildandi ákvæði í 27. gr. reglugerðar sjóðsins.

Um 6. gr.

1. og 2. liður. Rétt þykir að taka það fram, þó óþarft ætti það að vera, að sjóðnum er eingöngu ætlað að veita lán út á þau skip, sem stunda fiskveiðar.

Með því að bátaútgerð er í daglegu talin útgerð skipa allt að 60 rúmlesta, sbr. og það, að smáskipapróf veitir réttindi til að stýra það stórum skipum, þá þykir rétt, að miðað sé við það stærðartakmark á meðan sjóðurinn er á því stigi, að hann getur ekki byrjað lánveitingar til stórútgerðarinnar.

3. liður. Stjórn sjóðsins mun hafa litið svo á, að b-liður 4. gr. fiskveiðasjóðslaganna heimilaði ekki að lána út á fiskverkunarstöðvar. Um þennan skilning eru nokkuð skiptar skoðanir. Nefndin vill taka af öll tvímæli í þessu efni og setja ákvæði um lánveitingar til verkunarstöðva.

Það er vitað, að útgerðarmönnum er það í flestum tilfellum hinn mesti styrkur að hafa aðstöðu til þess að verka fiskinn sjálfir. Þess vegna þykir sjálf-sagt, að Fiskveiðasjóður aðstoði menn í þessu efni með hagkvæmum lánnum.

4. og 5. liður. Efni þessara liða hefir þegar verið rætt hér að framan.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að breyta nokkuð heimildinni til lánsákvörðunar út á ný skip.

Í stað þess að nú er heimilt að lána helming virðingarverðs, þá er lagt til, að lána megi allt að $\frac{2}{5}$ út á ný skip, en allt að $\frac{3}{5}$ ef aukatryggingar fylgja. Hámark lána eða lánstíma breytist þó ekki. Mundi þessi tilhögun verða til mikils hagræðis fyrir útgerðarmenn, en þó án verulega aukinnar áhættu fyrir sjóðinn.

Rétt þykir að greina á milli lánveitinga til nýrra skipa og eldri. Verður lánsákvörðun til eldri skipa að vera eftir álitum sjóðstjórnarinnar í hvert sinn, en það liggur í hlutarins eðli, að ekki verður lánað jafnmikið út á þau og ný skip.

Um 8. gr.

Til þess að gera mönnum hægra fyrir með stofnsetningu iðnaðarfyrirtækja í sambandi við sjávarútveginn, er lagt til, að lána megi til þessara hluta allt að helmingi virðingarverðs. En með því að öll lánastarfsemi sjóðsins miðast fyrst um sinn við þarfir bátaútvegsmanna eingöngu, þá þykir ekki ástæða til að hafa hámark þessara lána hærra en 24 þús. krónur.

Um 9. gr.

Um lánveitingar samkvæmt þessari grein hefir þegar verið rætt. Til þess að sem flestir geti orðið lána aðnjótandi, þykir ekki unnt að lána meira en 12 þús. kr. í einn stað.

Um 10. gr.

Erfið afkoma útgerðarinnar réttlætir fyllilega það, að lagt er til að útlánsvextir sjóðsins lækki niður í 5%. Og með þeirri tilhögun fjáröflunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á sjóðnum ekki að vera nauðsynlegt að taka hærri vexti.

Um 11.—18. gr.

Í þessum greinum eru sett ýms fyrirkomulagsatriði, mestmegnis samhljóða því, sem nú er, en þó lítið eitt fyllri.

Um 19. gr.

Í samræmi við aðrar tillögur nefndarinnar um það, að létta lánakjör útgerðarinnar, þá er einnig lagt til að viðskipti við sjóðinn séu stimpilfrjáls. Þá þykir og sjálfsagt, að sjóðurinn hafi sama rétt og Landsbankinn til ókeypis veðbókarvottorða.

Þess má geta, að tilsvarendi lánsstofnanir í Noregi og Danmörku njóta sömu hlunninda og ræðir um í þessari grein.

Um 20. gr.

Með því að til eru lagaákvæði um forgangsveðrétt til tryggingar váttryggingariðgjöldum skipa (Samábyrgðin), þá þykir sjálfsagt, að váttryggingarfélögin séu jafnan skyld að tilkynna Fiskveiðasjóði vanskil á greiðslu iðgjalda.